

Að sækja um starfsþjálfun (STÞ)

-á deildum sem tilheyra Landspítala (LSH í Fossvogi, Hringbraut, Landakotsspítala, Geðdeildum við Hringbraut og á Kleppi, svo og Líknardeild í Kópavogi og Grensásdeild)

Nemendur á sjúkraliðabraut sem óska eftir starfsþjálfun á Landspítala sækja um rafrænt á vef spítalans, www.landspitali.is

Farið er á forsíðuna og þar inn í "Um Landspítala" og svo "Laus störf." Þar fer umsóknin í flokkinn "Umsókn: Launuð starfsþjálfun nemenda samkvæmt námskrá."

Þarna er eingöngu sótt um starfsþjálfun sem er hluti náms samkvæmt námskrá og er jafnframt launaður hluti þess (ekki verknám, ekki vinna).

Vinsamlega skráið hvaða deild/deildum eða sviði/sviðum óskað er eftir, tímabili og vinnuhlutfalli. Einnig er gott að komi fram hvar þið hafið verið áður í verknámi og starfsþjálfun á spítalanum.

Til þess að umsókn sé tekin gild og leit hefjist að plássi þarf formið að vera vel útfyllt og vottorð frá skólanum að fylgja sem viðhengi strax þegar sótt er um. Þar vottar skólinn að umsækjandi hafi lokið öllum áföngum sem eru nauðsynlegir undanfara þessarar starfsþjálfunar. Ef ekki er mögulegt að vottorðið fylgi með þegar umsóknin er sett inn í rafræna kerfið skal það gert þegar því er við komið en þá þarf jafnframt að láta vita af því til neðangreindrar í hildurma@landspitali.is.

Umsókn skoðast ekki gild þar til það hefur verið gert.

Frumgögnum (eyðublöðum sem þið fáið hjá kennslustjóra sjúkraliðabrautar) skal skila til viðkomandi yfirmanns(deildarstjóra) ef af starfsþjálfun verður. Spítalinn leitast við að hafa samband við umsækjendur um starfsþjálfun innan 2ja vikna frá því að gild umsókn hefur borist. Frekari upplýsingar veitir Hildur Magnúsdóttir í síma 5431424 og 8253670 og í hildurma@landspitali.is.